

Reykjavík,
24. mars 2025

TILLAGA

að stúdentaráð hafi frumkvæði að upplýsingaplöggum um öryggi

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð hafi frumkvæði að það sé komið fyrir sérstökum upplýsingarplöggum um allan háskólann sem varðar öryggi stúdenta. Á plöggunum væru upplýsingar um það hvert skal leita ef ákveðnar aðstæður koma upp.

RÖKSTUÐNINGUR

Það er okkar mat að það sé skynsamlegt að háskólinn komi upp plöggum sem upplýsa nemendur um hvað skal gera eða hvert skal leita ef að óþægilegar aðstæður koma upp. Svo sem ógnandi aðilar/hegðun eða grunur komi upp um óviðeigandi/ógnandi hegðun. Raunin er sú að ef nemendur lenda í svoleiðis aðstæðum getur verið erfitt að skrá sig inn á Ugluna til þess að leita eftir aðstoð. Á plöggunum gæti verið símanúmer, lén og/eða QR-kóðar sem beina fólki á réttan aðila. Þannig gætu nemendur fengið strax aðstoð.

SHÍ ætti frumkvæðið en framkvæmd væri mögulega á öðrum aðilum innan háskólans, svo sem öryggisnefnd eða umsjón fasteigna Háskóla Íslands.

Á plöggunum ætti ekki að vera áróður, einungis auðvelt aðgengi að upplýsingum svo að nemendum líði sem best innan háskólans.

Kristófer Breki Halldórsson og Ragnheiður Geirsdóttir

*Varafulltrúi stúdentaráðs á Félagsvísindasviði fyrir Vöku
Sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs fyrir Vöku*